Kennsluáætlun í Formteikningu - 3.-4. bekkur
2026-2027
Waldorfskólinn Sólstafir
Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í formteikningu fer fram í lotum í aðalkennslu (sjá lotur á stundaskrá)

Kennsluaðferðir:
Unnið er með æfingar í formteikningu sem er undirstaða fyrir ritun bók- og tölustafa svo og frekara náms í greininni á komandi árum. Nemendur halda áfram að bæta við sig kunnáttu á þeim grunni sem þau hafa öðlast nú þegar. Áfram er leitast við því að nemendur komi auga á formin í umhverfi sínu. Í upphafi er sögð saga þar sem formin koma fyrir en stundum ræðum við verkefnin ein og sér og þeirra eiginleika. Þau form sem unnið er með hverju sinni, eru teiknuð í loftinu, síðan á töfluna. Nemendur herma
og teikna í vinnubækur. Í vettvangsferðum verða nemendur hvattir til að koma auga á ólík form í umhverfinu (náttúrulegu og manngerðu) og skapa listaverk úr fundnum efniviði. Notuð verður bókin Living Lines eftir Henrik Thaulow.

Markmið:
Að nemendur
-þjálfist í að þekkja og teikna flóknari form sem byggja á þeim grunni sem þau hafa

Námsmat:
Virkni og þátttaka í tímum.
Vinnubrögð og frágangur.
Samskipti við samnemendur, kennara og skólalíða.